LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Reykjavík 5. apríl 2017

Sæl vertu Þorgerður Katrín

Það eru Landssambandi smábátaeigenda gríðarleg vonbrigði að sjá að embættismenn ráðuneytis yðar hafi fyrir yðar hönd undirritað efnislega óbreytta reglugerð um stjórn makrílveiða.

Það eru LS ekki minni vonbrigði að reglugerðin taki í engu tillit til þess sem félagið hefur kynnt fyrir yður og óskað eftir að væri tekið tillit til við útgáfu nýrrar reglugerðar. Þar er helst til að taka að smábátar fái óheftar veiðar á makríl þar til afli þeirra hefur náð 16% af leyfilegum heildarafla. Sá hlutur sem þeim er ætlaður í settri reglugerð tekur í engu tillit til veiðigetu þeirra né að þeir hafi fengið tækifæri til að afla sér veiðireynslu á sinni veiðisló eins og stærri skip fengu og tillit var tekið til og gott betur.

Aflamark í makríl sem smábátum er ætlað er aðeins fjórðungur þess sem Norðmenn ætla til strandveiða. Sú hlutdeild er byggð áratuga reynslu þeirra á veiðunum.

Reglugerðin sem nú hefur verið sett þrengir enn stöðu smæstu útgerðanna. Aðeins þriðjungur þeirra sem veiðiheimildir fá samkvæmt henni hafa rekstrargrundvöll til veiða á því magni sem þeim er ætlað.

Hér með er óskað eftir fundi með yður eins fljótt og auðið er vegna þeirrar grafalvarlegu stöðu sem blasir við smábátaeigendum.

Virðingarfyllst

Axel Helgason formaður
Örn Pálsson framkvæmdastjóri